



Forspil

I have a dream
ABBA

Bæn

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylunn vindar leiða
draumalandið himin heiða
hlær og opnar skautið sitt

Þorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!
Þorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin
mundu að það er stutt hver stundin
stopult jarðneskt yndið þitt

Allt hið liðna er ljúft að geyma
láta sig í vöku dreyma
sólskinsdögum síst má geyma
segðu engum manni hitt
Valgeir Guðjónsson
Jóhannes úr Kötlum

Ritningarlestur

Bláu augun þín
blika djúp og skær,
lýsa leiðina mína
líkt og stjörnur tvær.

Þó að liggi leið
mín um langan veg,
aldrei augnanna þinna
eldi gleymi ég.

Þau minna á fjallavötnin
fagurblá,
fegurð þá
einn ég á.

Gunnar Þórðarson
Ólafur Gaukur Þórhallsson



Ritningarlestur

Til eru fræ, sem fengu þennan dóm:
Að falla í jörð, en verða aldrei blóm.
Eins eru skip, sem aldrei landi ná,

og iðgræn lönd, er sökkva í djúpin blá,
og von sem hefir vængi sína misst,
og varir, sem að aldrei geta kysst,
og elskendur, sem aldrei geta mæst
og aldrei geta sumir draumar ræst.

Til eru ljóð, sem lifna og deyja í senn,
og lítil börn, sem aldrei verða menn.
Erl. lag / Davíð Stefánsson

Guðspjall

Allsnakinn kemurðu í heiminn
og allsnakinn ferðu burt
frá þessum steindauðu hlutum
sem þér fannst þú hafa dregið á þurrt.

Og eftir lífsins vegi,
maður fer það sem fært er.
En veistu á miðjum degi
dauðinn tekur mál af þér.

Ofmetnastu ekki
af lífsins móðurmjólk.
Kirkjugarðar heimsins
geyma, ómissandi fólk.
Magnús Eiríksson

Minningarorð

Einsöngur

Rósin
Friðrik Jónsson / Guðmundur Halldórsson

Bæn

Einsöngur

Kveðja
Bubbi Morthens



Faðir vor

Snert hörpu mína himinborna dís,
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýtt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyrir í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson
Davíð Stefánsson

Moldun

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látna,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Margs er að minnast,
margt er hér að þakka.
Guði sé lof fyrir liðna tíð.
Margs er að minnast,
margs er að sakna.
Guð þerri tregatárin stríð.

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt.
Gekkst þú með Guði,
Guð þér nú fylgi,
hans dýrðarhross þú hljóta skalt.

Grátnir til grafar
göngum vér nú héðan,
fylgjum þér, vinur. Far vel á braut.
Guð oss það gefi,
gláðir vér megum
þér síðar fylgja' í friðarskaut.
Þjóðlag frá Schlesiú / Breslau
Valdimar Briem

Blessun

Eftirspil

Draumalandið
Sigfús Einarsson



Séra Þóra Björg Sigurðardóttir jarðsyngur
Organisti: Hilmar Örn Agnarsson
Einsöngur: Björg Þórhallsdóttir
Kór: Kammerkórinn Röst AK
Útfararþjónusta Borgarfjarðar og Stranda

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*

Jarðsett verður í Akraneskirkjugarði



Bjarni Oddgeir Vestmann Þóroddsson

Fæddur 11. desember 1943
Dáinn 21. maí 2026



Útför frá Akraneskirkju
fimmtudaginn 4. júní 2026